

Lög

Nr. 74.
14. nóvbr.

um

viðauka við lög 11. desember 1891, um samþyktir um
kynbætur hesta.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bannað er að láta graðfola eldri en 1½ árs gamla ganga lausa innan um hross á afrjettum eða í heimahögum. Hittist slíkur hestur gæslulaus annarstaðar en í heimalandi eiganda eða geymanda, skal fara með hann sem óskilafje.

Þó er heimilt í samþykt að gera undantekningar um graðhesta, sem ætlaðir eru eða notaðir til undaneldis, samkvæmt löggiltri samþykt eftir lögum frá 11. des. 1891, eða í hrossaræktarfelögum.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 10—100 kr., er renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, en til hrossaræktarfelaga, þar sem þau eru starfrækt.

3. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á þessum lögum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin viðaukalög nr. 51, 20. des. 1901, við lög 11. des. 1891, um samþyktir um kynbætur hesta.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 14. nóvember 1917,

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.